



AÐALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA

TÓNFRÆÐAGREINAR

2005

Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár tónlistarskóla

1. gr.

Með vísan til 1. og 12. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, með áorðnum breytingum, hefur menntamálaráðherra staðfest nýja aðalnámskrá tónlistarskóla sem tekur gildi frá og með 1. júní 2000. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í tónlistarskólum frá og með skólaárinu 2000-2001 eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt falla úr gildi eldri námskrár í tónlistargreinum.

2. gr.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er gefin út í tíu heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og níu sérstaka greinahluta.

Í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er meðal annars gerð grein fyrir hlutverki og meginmarkmiðum tónlistarskóla, skipan tónlistarnáms, greinanámskrám, og skólanámskrám, fjallað um kennslu og kennsluhætti, þætti í hljóðfæra- og tónfræðanámi, námsmat og próf, tengsl heimila og skóla og samvinnu í skólastarfi. Í bókarlok er umfjöllun um námsumhverfi og mat á skólastarfi. Almennur hluti aðalnámskrár tónlistarskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.


Í greinahlutum aðalnámskrár tónlistarskóla, sem gefnir eru út í níu heftum, er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum. Jafnframt er gerð grein fyrir prófum og gefnar ábendingar um viðfangsefni. Heftin bera þessi heiti:

Ásláttarhljóðfæri
Einsöngur
Gítar og harpa
Hljómborðshljóðfæri
Málmblasturshljóðfæri
Rytísk tónlist
Strokhljóðfæri
Tónfræðagreinar
Tréblasturshljóðfæri

Heftin eru gefin út af menntamálaráðuneytinu á árinu 2000 og dreift jafnóðum til tónlistarskóla.

Menntamálaráðuneytinu 31. maí 2000


Björn Bjarnason


Guðríður Sigurðardóttir

AÐALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA
TÓNFRÆÐAGREINAR

2005

Menntamálaráðuneytið

Menntamálaráðuneytið : námskrár 32

September 2005

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Hönnun
og umbrot: Himinn og haf/SÍA

Ljósmyndun: Kristján Maack

Myndskreytingar: Himinn og haf/SÍA

Prentun: Oddi hf.


© Menntamálaráðuneytið 2005

ISBN 9979-882-54-9

EFNISYFIRLIT

Formáli	5
Tónfræðanám	7
Skipulag tónfræðanáms	
Grunnnám	
Miðnám	
Framhaldsnám	
Þættir í tónfræðanámi	12
Munnleg og skrifleg tónheyrn	
Tónfræðileg þekkingaratriði	
Hlustun og greining	
Tónsköpun	
Tónlistarsaga	
Söngur	
Hljóðfæraleikur	
Hreyfing	
Hljómfræði	
Tölvutækni	
Valverkefni í grunn- og miðnámi	
Valgrein í framhaldsnámi	
Námsmat og próf	19
Almennt um námsmat	
Matsaðferðir	
Áfangapróf	22
Skipulag og tilgangur	
Einkunnagjöf og lágmarkseinkunn	
Prófreglur – tónfræðapróf	
Grunnnám	26
Markmið í grunnnámi	
Grunnpróf	
Verkefni og prófkröfur	
Valverkefni	

Miðnám	34
Markmið í miðnámi	
Miðpróf	
Verkefni og prófkröfur	
Valverkefni	
Framhaldsnám	42
Hljómfræði	
Tónheyrn	
Tónlistarsaga	
Valgrein	
Markmið í framhaldsnámi	
Framhaldspróf	
Verkefni og prófkröfur	
Tónfræðanám sem aðalnámsgrein	51
Inntökuskilyrði og námslok	
Formfræði og greining	
Tónsmíðar	
Tölvutækni	
Markmið	
Námsmat og próf	





FORMÁLI

Aðalnámskrá tónlistarskóla skiptist annars vegar í almennan hluta og hins vegar í greinanámskrár fyrir einstök hljóðfæri og námsgreinar í tónlistarskólum. Í þessu riti er að finna greinanámskrá í tónfræðum. Námskráin miðast við þá skipan tónlistarnáms sem mælt er fyrir um í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla.


Í almennum hluta aðalnámskrár eru hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla skilgreind. Náminu er skipt í þrjá námsáfanga, grunnám, miðnám og framhaldsnám, og lögð áhersla á samræmt námsmat við lok áfanganna. Jafnframt er lögð áhersla á sjálfstæði og frumkvæði einstakra skóla, skapandi starf og samvinnu í skólastarfi.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er ætlað að tryggja fjölbreytni en jafnframt að stuðla að samræmingu þeirra námsþátta sem aðalnámskrá tekur til, bæði innan einstakra tónlistarskóla og á milli skóla.

Almenn atriði varðandi námsþætti og námsmat er að finna í almennum hluta aðalnámskrár. Þar er einnig að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, prófreglur og einkunnagjöf. Því er mikilvægt að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér almennan hluta aðalnámskrár tónlistarskóla vandlega.

Í almennum hluta aðalnámskrár er mælt til þess að tónlistarskólar skilgreini starfssvið sitt í eigin skólanámskrám. Við þá námskrárgerð er hverjum skóla ætlað að taka mið af stefnumörkun aðalnámskrár tónlistarskóla, ásamt því að sinna sérhæfðum og staðbundnum markmiðum.

Í námskrá í tónfræðum er að finna umfjöllun um tónfræðanám, þætti í tónfræðanámi og námsmat, auk sértækra markmiða í tónfræðum fyrir grunnnám, miðnám og framhaldsnám, svo og tónfræðanám sem aðalnámsgrein.





TÓNFRÆÐANÁM

Í þessum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er fjallað um nám í tónfræðagreinum, þætti í tónfræðanámi, námsmat, próf og áfangapróf. Þar á eftir fara kaflar um hvern hinna þriggja megináfanga námsins, grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Í þessum köflum eru fyrst tilgreind þau leikni- og skilningsmarkmið sem nemendur þurfa að hafa náð við lok hvers námsáfanga. Síðan er gerð grein fyrir prófkröfum á áfangaprófum. Í lokakafla námskrárinnar er fjallað um tónfræðanám sem aðalnámsgrein.

Í aðalnámskrá eru fleirtöluorðin tónfræði og tónfræðagreinar notuð sem samheiti yfir ýmsar greinar, svo sem tónfræði, hljómfæði, tónheyrn, tónlistarsögu, formfræði og kontrapunkt. Í grunn- og miðnámi er um samþætt nám að ræða en í framhaldsnámi geta tónlistarskólar valið hvort tónfræðagreinar eru kenndar samþættar eða aðskildar. Tölvunám tengt tónlist telst einnig til tónfræðanáms, hvort heldur tölvun er notuð til tónsköpunar, nótnarritunar, sem tóngjafi eða upptökutæki.

Tónfræðanám hefur að markmiði að auka tónnáemi, þekkingu og skilning nemenda á innri gerð tónlistar sem og að þeir öðlist færni til að fást við fjölbreytileg viðfangsefni í tónlist. Einnig á námið að stuðla að því að nemendur þroski með sér sjálfstæð viðhorf til tónlistar.

Skipulag tónfræðanáms

Tónlistarskólar starfa við mismunandi aðstæður og skipulag þeirra getur verið með ýmsum hætti. Skólastjórnendur og kennarar einstakra skóla skilgreina hvaða leiðir eru valdar til að ná markmiðum aðalnámskrár tónlistarskóla, þ.m.t. markmiðum tónfræðanámskrár.

Gert er ráð fyrir að tónfræðanám fari fram í hóptímum. Stærð hópa getur verið breytileg eftir skipulagi námsins. Mikilvægt er að tónfræðanám tengist hljóðfærakennslu og þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni í hljóðfæranámi. Gagnkvæm tengsl af þessu tagi geta verið með ýmsum hætti, allt eftir aðstæðum og áherslum á hverjum stað.


Inntaki tónfræðanámskrár og markmiðum tónfræðanáms má ná með ýmsum hætti. Séu aðstæður til reglubundinnar hópkenndu ekki fyrir hendi kunna aðrar leiðir að vera færar, svo sem nám í tengslum við hljóðfærakennslu, einstaklingsnám í tónfræðagreinum, námskeiðaform og fjar-kennsla. Í öllum tilfellum þarf þó að gæta að inntaki og markmiðum náms í tónfræðagreinum.

Mikilvægt er að nám í tónfræðagreinum og hljóðfæranám myndi eina heild. Til að svo megi verða þarf að huga að heildarskipulagningu og markvissri samvinnu innan skólans. Brynt er að í skólum séu þróaðar aðferðir til að styðja við slíkt samstarf svo að tryggja megi að nemendur fái heildstæða kennslu í tónfræðum og hljóðfæraleik.

Aðbúnaður og umhverfi í tónlistarskólum getur haft mikil áhrif á námsárangur nemenda og á viðhorf og líðan allra sem í skólunum starfa. Í kafla um námsumhverfi í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 57–58, og í viðauka á bls. 68–72 er að finna umfjöllun um húsnæði og búnað tónlistarskóla.

Grunnnám

Grunnnám er fyrsti áfangi tónlistarnáms og markar upphaf á ferli nemenda í tónlistarskólum. Mikilvægt er að fyrsta reynsla af náminu sé jákvæð, námið sé í senn áhuga-vert, krefjandi og skemmtilegt, það myndi markvissa heild en sé jafnframt lagað að þörfum ólíkra nemenda.



Í grunnáfanga tónfræðanáms er gert ráð fyrir samþættri kennslu tónfræðagreina þar sem inntak einstakra greina fléttast með ýmsum hætti saman við margvíslega virkniþætti, svo sem hljóðfæraleik, söng, hreyfingu, lestur, skráningu, hlustun, greiningu og sköpun.

Meirihluti nemenda í grunnnámi er á grunnskólaaldri. Eðlilegt er að nemendur, sem hefja tónlistarnám á aldrinum 6–8 ára, ljúki grunnprófi á aldrinum 10–12 ára. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að nemendur hefji grunnám á öðrum aldri, bæði yngri og eldri. Byrji nemendur eldri en hér er lýst má gera ráð fyrir að þeir geti farið hraðar yfir í náminu og lokið grunnprófi á skemmri tíma en þeir sem yngri eru. Mikilvægt er að almennir tónlistarskólar bjóði upp á námsleiðir sem hæfa þroska og námsgetu nemenda á ólíkum aldri.

Forskólanám sem sniðið er að aldri og þroska ungra barna, telst til grunnnáms tónlistarskóla. Algengt er að börn á leikskólaaldri og yngstu nemendur grunnskóla stundi slíkt nám. Yfirleitt er námið undanfari hljóðfæranáms og veitir sem slíkt aukinn tónþroska og mikilvæga grunnþjálfun fyrir hljóðfæranám. Miðað er við að um samþætt nám sé að ræða og að markmið séu í samræmi við aðalnámskrá tónlistarskóla. Jafnframt er gert ráð fyrir því að tónfræðanámskrá sé höfð til hliðsjónar við skipulagningu námsins svo og einstakar greinanámskrár í hljóðfæraleik eftir því sem við á. Þetta á einkum við ef leikur á önnur hljóðfæri en skólahljóðfæri er hluti af náminu.

Það er á valdi einstakra tónlistarskóla að skilgreina þau markmið sem nemendur eiga að hafa náð við lok þessa náms enda við það miðað að námið spanni einungis hluta grunnnáms í tónfræðagreinum og hljóðfæraleik.

Miðnám

Miðnám er annar áfangi almenns tónlistarskólanáms. Viðfangsefni nemenda, jafnt í hljóðfæranámi og tónfræðagreinum, verða í senn umfangsmeiri og að nokkru leyti sérhæfðari. Námið krefst meiri ástundunar en áður og áhugi nemenda skiptir sköpum um framvindu og góðan námsárangur. Nemendur geta stundað námið á ólíkum forsendum og með ólíkan tilgang í huga. Fyrir suma nemendur opna lok miðnáms dyr að framhaldsnámi, síðasta áfanga almenns tónlistarskólanáms. Jafnframt gefst nemendum kostur á að sækja um aðgang að listnámsbrautum framhaldsskóla að loknu miðprófi.


Í miðáfanga tónfræðanáms er gert ráð fyrir samþættri kennslu tónfræðagreina með svipuðum hætti og í grunnnámi. Námið byggist á þeirri undirstöðu sem grunnnám í tónfræðagreinum veitir. Viðfangsefni eru mikið til hin sömu en þekking og færni eykst verulega á öllum sviðum.

Framhaldsnám

Framhaldsnám er síðasti og jafnframt viðamesti áfangi almenns tónlistarskólanáms. Námið í heild er orðið sérhæfðara og gerir meiri kröfur til nemenda en nám á fyrri stigum. Gert er ráð fyrir að dugmiklir nemendur, sem ljúka framhaldsprófi, séu hæfir til að takast á við tónlistarnám á háskólastigi, hér á landi eða erlendis.

Í framhaldsnámi skiptist tónfræðanám í kjarnagreinar og valgrein. Megináhersla er lögð á kjarnagreinar en þær eru hljómfraði, tónheyrn og tónlistarsaga. Markmið valgrein- ar er annaðhvort að víkka sjóndeildarhring nemandans eða dýpka þekkingu hans á afmörkuðu sviði.

Vakin er athygli á þeim möguleika að bjóða upp á samþætta kennslu í tveimur eða fleiri tónfræðagreinum. Þannig mætti t.d. tengja tónheyrn og hljómfraði, allar þrjár greinarnar eða valgrein og eina eða fleiri kjarnagrein.



Meginatriði er að nemendur nái lokamarkmiðum tónfræðanámskrár, hvaða leið sem farin er. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að slíkt kennslufyrirkomulag spari kennslutíma heldur leggjast einfaldlega saman kennslustundir þeirra greina sem samþættar eru.

Nemendur eiga þess kost að ljúka framhaldsprófi með tónfræðagreinar sem aðalnámsgrein í stað hljóðfæris. Meginmarkmiðið er að veita nemendum undirbúning undir háskólanám í tónfræðagreinum, tónsmíðum eða tæknigreinum tengdum tónlist. Nánar er gerð grein fyrir þessu námi á bls. 51–55.




ÞÆTTIR Í TÓNFRÆÐANÁMI

Skipta má tónfræðanámi í þætti út frá frum- og efnisþáttum tónlistar, virkniþáttum eða viðfangsefnum. Frumþættir vísa til eðlis hljóða og tóna en efnisþættir til þess efniviðar sem greina má í tónlist. Eftirtaldir efnisþættir tónlistar eru lagðir til grundvallar námsmarkmiðum þessarar námskrár: tónlengd, tónhæð, hljómar, tónblær, tónstyrkur, hraði, túlkun, tón- og hendingamótun, form, tónvefur, stíll, stefnur og saga.

Í samþættu tónfræðanámi fléttast saman á margvíslegan hátt ýmsir þættir námsins og inntak tónfræðagreina. Gert er ráð fyrir slíku kennslufyrirkomulagi í grunn- og miðnámi í tónfræðagreinum en í framhaldsnámi er skólum í sjálfsvald sett hvort og þá að hvaða marki tónfræðagreinar eru kenndar samþættar.

Hér á eftir fer stutt umfjöllun um afmarkaða þætti í tónfræðanáminu. Vægi einstakra þátta í náminu getur verið breytilegt, ræður þar m.a. aldur og þroski nemenda sem og hvar þeir eru staddir á námsferlinum. Ætla má til dæmis að söngur og hreyfing séu hlutfallslega veigameiri þættir í grunnnámi ungra nemenda en hjá eldri byrjendum. Hins vegar er líklegt að meiri áhersla sé á lestur og skráningu hjá þeim síðarnefndu.

Í köflum um einstaka hluta námsins, grunnnám, miðnám og framhaldsnám, bls. 26–55, er að finna þau markmið sem miðað er við að nemendur hafi náð við lok viðkomandi námsáfanganga.



Munnleg og skrifleg tónheyrn

Mikilvægt er að fjölbreytt heyrnarþjálfun fléttist inn í alla virkniþætti og verði rauður þráður í gegnum allt tónfræðanám. Markmiðið er að frá upphafi verði leitast við að þroska almennt tónnæmi og leggja traustan grunn að tónminni, lestri, greiningu og skráningu síðar á námsferlinum. Gert er ráð fyrir að tónheyrnarþjálfun sé veigamikill þáttur samþætts náms í tónfræðagreinum allt frá upphafi en í framhaldsnámi má ætla að tónheyrnarþjálfun fari fram í sérstökum kennslustundum. Eigi að síður er mikilvægt að tónheyrn tengist öðrum viðfangsefnum tónfræðanáms í framhaldsnámi.

Reglubundin þjálfun er lykilatriði allt frá upphafi námsins, jafnframt því sem tengsl við aðra námsþætti, svo sem ýmiss konar greiningu, þekkingaratriði og tónsköpun, stuðla að auknum skilningi og færni nemenda. Síðast en ekki síst stuðla tengsl námsþátta að aukinni ánægju af hlustun, upplifun og iðkun tónlistar.

Tónfræðileg þekkingaratriði

Undir tónfræðileg þekkingaratriði heyrir almenn tónfræðikunnátta, svo sem ritreglur tónlistar, leiðbeinandi orð og merki, hrynur, tóntegundir, tónbil og hljómar. Kunnátta og færni nemenda í tónfræðilegum þekkingaratriðum er mikilvæg undirstaða undir allt tónlistarnám. Því er nauðsynlegt að þessum námsþætti séu gerð góð skil og nemendur hljóti trausta þjálfun í þessum grundvallaratriðum. Í upphafi námsins er miðað við að vægi þessa námsþátta sé takmarkað en að umfangið aukist þegar í miðnám er komið. Gert er ráð fyrir að við lok miðnáms hafi nemandi gott vald á tónfræðilegum þekkingaratriðum.

Mikilvægt er að tónfræðileg þekkingaratriði tengist viðfangsefnum nemenda, bæði í tónfræða- og hljóðfæranámi, og eigi þannig bakgrunn í reynsluheimi nemenda. Enn fremur er mikilvægt að setja námið í sögulegt samhengi og tengja það tónlistinni í samfélaginu hverju sinni.


Hlustun og greining

Með hlustun er lagður grunnur að öllum þáttum tónlistarnáms og er hún því óhjákvæmilega þungamiðja í tónlistaruppeldi. Nemendur læra með því að hlusta og líkja eftir, auk þess sem hlustun er forsenda þess að nemendur geti tjáð sig, greint, metið og túlkað tónlist.

Námsþátturinn hlustun og greining miðar að því að nemendur öðlist þekkingu og skilning á efnisþáttum tónlistar, svo sem ólíkum tónlistarstefnum, stíl, formi, tónblæ, tónstyrk, hraða, tónvef, tónlengd, tónhæð og hljómunum. Í tónfræðanámi er áhersla lögð á að nemendur kynnist fjölbreyttri tónlist frá ýmsum tímum, jafnt í lifandi flutningi nemenda, kennara eða annarra tónlistarmanna og í hljóðriti. Miðað er við að hlustun sé tengd virkni af ýmsu tagi, svo sem hreyfingu, nótnalestri, skráningu, sköpun, greiningu og flutningi.

Tónsköpun

Tónlist, sem nemendur semja sjálfir, hefur margvíslegt gildi. Hún hefur listrænt gildi fyrir nemandann sjálfan, aðra nemendur, aðstandendur, kennara og áheyrendur. Tónsköpun virkjar frumkvæði og sköpunarkraft nemandans, veitir ánægju og eflir sjálfstraust. Skapandi starf tvinnar einnig saman margvíslega þekkingarþætti og ímyndunar afl nemandans. Frá sjónarhóli kennarans veitir tónsköpun einnig innsýn í hæfni og skilning nemenda á ýmsum sviðum, svo sem um tónfræðileg þekkingaratriði og vinnubrögð. Tónsköpun má meðal annars nota til að þjálfa ýmis atriði í nótnalestri, tónheyrn, hljómfraeði, formfraeði og tónlistarsögu. Með fjölbreyttri tónsköpun gefst nemendum



tækifæri til að vinna með hljóð og tóna, auk þess að öðlast aukinn skilning á efnisþáttum, hugtökum og stíltegundum tónlistar. Jafnframt þjálfast nemendur sem gagnrýnir hlustendur.

Í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 27, kemur fram að sérstök áhersla er lögð á að allir nemendur í grunnnámi taki virkan þátt í skapandi starfi en þeim nemendum í mið- og framhaldsnámi, sem áhuga hafa á tónsköpun, gefist kostur á sérstökum kennslustundum í þeirri grein. Eigi að síður má ætla að tónsköpun verði liður í samþættu tónfræðanámi í miðnámi og að einhverju marki í framhaldsnámi, svo sem í hljómfraði.

Tónlistarsaga

Í grunn- og miðnámi er miðað við að tónlistarsaga fléttist inn í ýmsa virkniþætti og þannig kynnist nemendur afmörkuðum þáttum tónlistarsögunnar, s.s. einstökum tónskáldum, stefnum og stílum.

Í framhaldsnámi er miðað við að nemendur öðlist yfirsýn yfir vestræna tónlistarsögu allt frá upphafi til samtímans, auk þess að kynnast íslenskri tónlistarsögu. Ekki er gert ráð fyrir að um mjög ítarlegt nám verði að ræða, enda viðfangsefnið umfangsmeira en svo að unnt sé að gera því tæmandi skil á þessu skólastigi. Eftir því sem tók eru á er gert ráð fyrir að nemendur í tónfræðanámi kynnist heimstónlist, popptónlist, rokktónlist og djasstónlist.

Grundvallaratriði er að nemendur heyri þá tónlist sem til umfjöllunar er hverju sinni og gæta þarf þess að nemendur í framhaldsnámi hafi sem bestan aðgang að tónlistinni til hlustunar utan kennslustunda.

Söngur

Miðað er við að söngur sé veigamikill virkniþáttur í tónfræðanámi og tengist ýmsum efnisþáttum, svo sem tón-

lengd, tónhæð, hljómun, tónblæ, hendingamótun, formi og stíl. Söngur ýmiss konar tónlistar opnar möguleika á fjölbreyttri samþættingu, jafnframt því sem nemendur þjálfast í ýmsum leiknatriðum, til að mynda í nótnalestri, tónbilum, hljómun og söng tónstiga. Söngur getur einnig verið notadrjúgur við tónsköpun. Máttur söngsins til upplifunar, tjáningar, sameiningar og skemmtunar verður seint ofmetinn.

Margvíslegur söngur er þungamiðja í samþættri kennslu grunnnáms og miðnáms. Þegar lengra miðar í náminu er söngur meginþáttur í tónheyrnarþjálfun og getur einnig verið notadrjúgur í hljómfraði og tónlistarsögu.


Hljóðfæraleikur

Eðlilegt er að hljóðfæraleikur nemenda sé hluti tónfræðanáms í grunn- og miðnámi. Á þessum námsstigum er gert ráð fyrir að notkun skólahljóðfæra, bæði hryn- og laglínuhljóðfæra, sé fastur liður í náminu. Einnig er sjálfsagt að nota heimasmiðuð hljóðfæri nemenda og aðra hljóðgjafa, svo og tölvur og hljóðgervla. Síðast en ekki síst er mikilvægt að nemendum gefist tækifæri á að nota eigin hljóðfæri í tónfræðanáminu. Þetta á ekki hvað síst við þegar unnið er að ýmiss konar greiningu eða tónsköpun.

Í framhaldsnámi eru einnig ýmsir möguleikar fyrir hendi. Leikur á hljómborðshljóðfæri er æskilegur þáttur í hljómfraðinámi en ýmis hljóðfæri nýtast einnig vel í öðrum greinum í framhaldsnámi.

Hreyfing

Tónlist laðar gjarnan fram hreyfingu og hreyfing kallar á tónlist. Tónlistarnæmi og skilning má greina í líkamlegri svörun við tónlist, ekki hvað síst hjá ungum börnum, og í hreyfingu má finna samsvörun við helstu efnisþætti tónlistar. Sem dæmi má nefna að auðvelt er að skynja þúls í tónlist með því að ganga eða klappa.



Miðað er við að hreyfing sé hluti af samþættu tónfræðanámi, einkum í grunnnámi. Hreyfiuppeldi tengt tónlist má flokka eftir því hvort um er að ræða frjálst eða bundið form. Í bundnu formi er hreyfingin skipulögð fyrir fram, svo sem í dónsum og hringleikjum, en frjálsa formið byggist að miklu leyti á spuna sem aftur getur mótast í fast form við endurtekningu. Báðir þessir flokkar eru notadrjúgir og þá má tengja ýmsum efnisþáttum, svo sem tónlengd, tónhæð, formi, stíl, sögu og tónsköpun. Hreyfing er til að mynda notadrjúg við þjálfun hrynskyns, takttegunda og flókinna hrynmynstra og takttegunda hjá eldri nemendum.

Hljómfræði

Miðað er við að nemendur í grunn- og miðnámi kynnist hljómmum og öðlist reynslu af notkun þeirra frá ólíkum sjónarhornum þó að ekki sé um eiginlegt nám í hljómfræði að ræða.

Formlegt hljómfræðináam hefst að loknu miðprófi í tónfræðagreinum og byggist á þeim grunni sem nemendur hafa þegar öðlast. Meginþættir náms í hljómfræði eru hljómgreining, þjálfun í raddfærslu samkvæmt tölusetnum bassa og hljómsetning. Æskilegt er að nemendur geti tengt hljómfræðileg þekkingaratriði við hljómborðsleik, tónheyrn og hlustun.

Tölvutækni

Í tónfræðanámi gefst kostur á að nýta tölvur meðal annars sem skráningartæki, upptökutæki, hljóðgjafa, tæki til tónsmíða og síðast en ekki síst sem upplýsingamiðil. Þannig geta tölvur komið inn í nánast alla þætti námsins og er mikilvægt að skólar nýti sér möguleika þeirra. Æskilegt er að nemendur kynnist tölvunotkun í tónlist á sem fjölbreytilegasta máta.

Valverkefni í grunn- og miðnámi

Við lok grunn- og miðnáms eiga nemendur að skila valverkefni sem metið er sem hluti viðkomandi áfangaprófs. Markmið valverkefnis er að nýta og dýpka þekkingu nemenda í ákveðnum þáttum námsins, þ.e. sköpun, greiningu, hlustun eða flutningi, auk þess að stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum. Miða skal umfang verkefnisins við námsstig, aldur og þroska nemenda. Heimilt er að verkefnið sé unnið í hópvinnu.

Verkefnunum má skila munnlega, skriflega eða í hljóðriti. Verkefni geta verið með ýmsum hætti, svo sem tónsmíða-verkefni, stutt ritgerð, veggspjald, vefsíða, kynning eða frásögn tengd tónlistarsögu, hlustun eða upplifun. Tónsmíð getur verið í formi flutnings eða upptöku eða rituð. Viðfangsefni í tónlistarsögu og greiningu geta verið skrifleg eða munnleg verkefni um ákveðna tónlistarstefnu, stíl, tónskáld, tónverk eða hljóðfæri. Verkefni geta tekið til dægurtónlistar, djasstónlistar, klassískrar tónlistar eða heimstónlistar.

Þó að framangreind dæmi séu nefnd eru valverkefnum í raun engin takmörk sett og sjálfsagt að nýta ímyndunarafli kennara og nemenda til hins ítrasta.

Valgrein í framhaldsnámi

Til að ljúka framhaldsprófi í tónfræðagreinum þurfa nemendur að ljúka námi í valgrein. Valgrein er annaðhvort ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda eða dýpka þekkingu þeirra á tilteknu sviði. Skólum er í sjálfsvald sett hvaða valgrein eða valgreinar boðið er upp á. Heppilegt kann að vera að tveir eða fleiri tónlistarskólar hafi með sér samstarf um framboð valgreina, þ.e. að nemendur sækji nám í valgrein í öðrum skóla en sínum eigin eða stundi námið með fjarkennslusniði.



NÁMSMAT OG PRÓF

Mat á námsárangri og námsframvindu skal vera fastur liður í skólasterfi. Í kafla um námsmat og próf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 30–32, er að finna almenna umfjöllun um námsmat ásamt ákvæðum sem skólar skulu fylgja. Hér á eftir fara almennar ábendingar um námsmat en í næsta kafla er gerð grein fyrir áfanga-prófum í tónfræðagreinum.

Almennt um námsmat

Með námsmati er leitast við að komast að því hvort nemandi hefur náð tilteknum markmiðum eða hvernig miðar í átt að settu marki. Námsmarkmiðin eru jafnan margvísleg og fara má ýmsar leiðir til að ná þeim. Í ljósi þess er augljóst að matsaðferðir verða að vera fjölbreytilegar. Jafnframt þarf að gæta þess að matsaðferðir hæfi námsmarkmiðum og endurspegli áherslur í kennslu. Námsgengi og framfarir verða ekki eingöngu metnar með prófum og öðrum formlegum aðferðum.


Með því að meta stöðu nemenda í upphafi námstímabils má meðal annars fá gagnlegar upplýsingar sem auðvelda skipulag kennslu og stuðla að markvissu námi. Námsmat þarf einnig að fara fram jafnt og þétt á námstímanum. Það er hlutverk kennara að aðstoða og vísa nemendum veg til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig áfram miðar. Upplýsinga um námsgengi verður því að afla jöfnum höndum með mati sem fram fer í hverri kennslustund og mati sem nær til lengri tímabila. Skólástjóri og kennarar bera ábyrgð á námsmati innan hvers skóla, bæði einstökum þáttum þess og þeim aðferðum sem beitt er.

Matsaðferðir

Suma námsþætti hentar að meta með prófum. Niðurstöður prófa veita upplýsingar um það hvernig nemendum hefur tekist að leysa tiltekin viðfangsefni á ákveðnum tíma samkvæmt markmiðum og skilgreindum kröfum námskrár. Annars konar aðferðir kunna að henta betur þegar meta þarf aðra þætti námsins. Til að veita upplýsingar um langtímaframfarir getur verið heppilegt að nota umsagnir, verk möppur eða dagbók um námsframvindu nemenda. Vel hentar einnig að nota gátlista, umsagnir og aðrar aðferðir þegar meta á skapandi vinnu nemenda. Einnig geta hljóð- og myndupptökur verið gagnlegar við margs konar námsmat, m.a. til að safna upplýsingum um virkni og samvinnu nemenda, leikni þeirra, skilning og afrakstur skapandi starfs. Upptökur geta auk þess nýst vel við sjálfsmat nemenda. Um meðferð slíks efnis gilda sömu reglur og um önnur námsmatsgögn, þar á meðal þau lög er á hverjum tíma gilda um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga sem og þær reglur sem settar eru með stöð í þeim lögum.

Formlegt mat á námsárangri fer fram með prófum, annars vegar áfangaprófum sem lúta ákveðnum reglum og hins vegar með öðrum prófum á vegum skólans, svo sem vorprófum, könnunarprófum og stigsprófum. Í kafla um áfangapróf, bls. 22–25 í þessu riti, eru birtar prófreglur fyrir tónfræðapróf, auk þess sem gerð er grein fyrir skipulagi og tilgangi áfangaprófa í tónfræðagreinum, einkunnagjöf og lágmarkseinkunn. Í köflum um einstaka námsáfanga, þ.e. grunnnám, miðnám og framhaldsnám, eru ákvæði um prófþætti og skiptingu þeirra ásamt viðmiðunum um lengd prófa.

Skólar hafa frjálssar hendur um önnur próf en áfangapróf. Í kafla um stigspróf í almennum hluta aðalnámskrár, bls. 45–46, er að finna nokkrar ábendingar til þeirra skóla sem kjósa að halda stigspróf. Þar er mælt með að tilhögun stigsprófa í tónfræðagreinum sé sambærileg tilhögun



áfangaprófa, þ.e. að prófað sé í sömu námsþáttum og með hliðsjón af greinanámskrá í tónfræðum.

Mikilvægt er að veita foreldrum og forráðamönnum góðar upplýsingar um hvað eina sem snertir námsárangur og námsframvindu nemenda. Einnig er hugsanlegt að fá foreldra til samstarfs við mat á ákveðnum þáttum.

Nánari umfjöllun um námsmat og próf er að finna í almennum hluta aðalnámskrár, bls. 30–32.



ÁFANGAPRÓF


Við lok grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms skulu nemendur þreyta áfangapróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Ekki er nauðsynlegt að nemendur ljúki báðum hlutum áfangaprófs á sama ári en nemandi getur ekki þreytt miðpróf fyrir en grunnprófi er að fullu lokið. Sömuleiðis þarf að ljúka báðum hlutum miðprófs áður en framhaldspróf er tekið. Til að ljúka framhaldsprófi þarf nemandi að standast próf í hljóðfæraleik og tónfræðagreinum, auk þess að halda sjálfstæða tónleika innan eða utan skólans.

Skipulag og tilgangur

Eins og fram kemur í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla er tilgangur áfangaprófa fjölpættur. Prófunum er ætlað að skera úr um hvort og að hve miklu leyti nemendur uppfylla ákveðnar samræmdar kröfur um hæfni. Þeim er einnig ætlað að afla upplýsinga um nám og kennslu, meta frammistöðu nemenda í samræmi við markmið og kröfur aðalnámskrár og gera nemendum grein fyrir eigin frammistöðu í hverjum prófþætti. Enn fremur eru prófin lokapróf úr viðkomandi áfanga innan tónlistarskólans.

Grunnpróf í tónfræðagreinum er tvískipt, annars vegar munnlegt próf en hins vegar skriflegt próf. Auk þess skila nemendur valverkefni sem metið er sem hluti grunnprófsins. Grunnpróf skulu samin og yfirfarin í hverjum skóla.

Miðpróf í tónfræðagreinum er sömuleiðis tvískipt, annars vegar munnlegt próf en hins vegar skriflegt próf. Auk þess skila nemendur valverkefni sem metið er sem hluti miðprófsins. Munnlegur hluti miðprófs skal saminn af Prófa nefnd tónlistarskóla. Framkvæmd og mat er hins vegar í höndum viðkomandi skóla á grundvelli nákvæmra leið-



beininga frá Prófanefnd. Skriflegur hluti prófsins er samræmt próf, samið og yfirfarið af Prófanefnd tónlistarskóla.

Við lok framhaldsnáms í tónfræðagreinum skulu nemendur þreyta próf í hljómfraeði, tónheyrn og tónlistarsögu, auk þess að ljúka valgrein. Þessu til viðbótar þurfa nemendur í framhaldsnámi í tónfræðum sem aðalnámsgrein að ljúka námi í formfræði og greiningu, tónsmíðum og tölvutækni, svo og að standast miðpróf í hljóðfæraleik og grunnpróf á píanó eða annað hljómborðshljóðfæri, sé hljómborðshljóðfæri ekki þeirra aðalhljóðfæri. Framhaldspróf í tónfræðagreinum skulu samin og yfirfarin í hverjum skóla á grundvelli þessarar námskrár.

Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–44, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, prófreglur og einkunnagjöf. Nánar er kveðið á um lengd prófa, skiptingu og vægi prófþátta, svo og námsmat valáfanga í framhaldsnámi, á bls. 48–50 í þessari námskrá.


Einkunnagjöf og lágmarkseinkunn

Á áfangaprófum í tónfræðagreinum skal gefa einkunnir í tölustöfum (einingum). Samanlagður hámarkseiningafjöldi allra prófþátta á hverju prófi er 100 einingar og skal gefið í heilum einingum. Sjá nánar á bls. 34 í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla.

Til að standast grunn- og miðpróf þarf nemandi að ná samtals 60 einingum á samþættu prófi í tónfræðagreinum, sem samsvarar lágmarkseinkunninni 6,0, og jafnframt að hljóta sömu lágmarkseinkunn í hljóðfæraleik. Til að standast framhaldspróf í tónfræðagreinum þarf nemandi lágmarkseinkunnina 6,0 í hverri grein.

Prófreglur – tónfræðapróf

1. Tónfræðapróf í grunn- og miðnámi eru skrifleg og munnleg.
2. Framhaldspróf í hljómfraeði er skriflegt, framhaldspróf í tónheyrn er skriflegt og munnlegt, framhaldspróf í tónlistarsögu er skriflegt og prófa skal í valgrein til framhaldsprófs en gerð prófsins veltur á eðli valgreinar.
3. Nemendur, sem ljúka grunn- og miðprófi, skulu skila valverkefni og er það metið sem hluti prófsins.
4. Gefið skal fyrir valþátt grunn- og miðprófs með umsögn og einkunn.
5. Það ræðst eingöngu af meðaleinkunn allra prófþátta hvort nemandi stenst próf eða ekki. Til að standast grunn- og miðpróf í tónfræðum þarf einkunnina 6,0. Til að standast framhaldspróf í tónfræðum þarf einkunnina 6,0 í eftirtöldum greinum, hverri fyrir sig: hljómfraeði, tónheyrn, tónlistarsögu og einni valgrein. Til að standast framhaldspróf í tónfræðum sem aðalgrein þarf einkunnina 6,0 í hverri eftirtalinna greina: formfraeði og greiningu, tónsmíðum og tölvutækni.
6. Grunnpróf skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári, svo fremi að nemandur í viðkomandi skóla hyggist þreyta prófið.
7. Grunnpróf eru samin í hverjum skóla og skulu þau vera í samræmi við ákvæði aðalnámskrár tónlistarskóla.
8. Grunnpróf skulu yfirfarin í viðkomandi skóla.
9. Miðpróf skal fara fram að vori, samkvæmt nánari ákvörðun Prófaneftdar tónlistarskóla.
10. Próftími miðprófs skal auglýstur í upphafi hvers skólaárs.
11. Miðpróf skal samið af Prófaneftnd tónlistarskóla.
12. Nákvæmar leiðbeiningar um framkvæmd og fyrirgjöf munnlegra prófþátta fylgja miðprófi. Skólastjórar í einstökum skólum bera ábyrgð á að framkvæmd og fyrirgjöf munnlegra prófþátta sé í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli Prófaneftdar.



13. Skriflegar úrlausnir nemenda á miðprófi, ásamt einkunn úr munnlegum prófpáttum, skal senda Prófanevnd sem annast yfirferð og sendir niðurstöður til viðkomandi skóla.
14. Framhaldspróf skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári, svo fremi að nemendur í viðkomandi skóla hyggist þreyta prófið.
15. Framhaldspróf eru samin í hverjum skóla og skulu þau vera í samræmi við ákvæði aðalnámskrár tónlistarskóla.
16. Framhaldspróf skulu yfirfarin í hverjum skóla.
17. Afrit lokaverkefna nemenda á framhaldsprófi í tónfræðum sem aðalgrein skal senda Prófanevnd tónlistarskóla sem gefur út áfangaprófsskírteini.



GRUNNNÁM

Almennt er miðað við að nemendur, sem hefja nám í hljóðfæraleik 8 til 9 ára gamlir, ljúki grunnnámi í tónfræðagreinum á um það bil þremur árum. Þessi viðmiðun er þó engan veginn einhlít þar sem nemendur hefja nám á ýmsum aldri, námshraði er mismunandi og námsskipulag breytilegt.

Markmið í grunnnámi

Uppbygging grunnnáms skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.


Gert er ráð fyrir að nám í tónfræðagreinum fari að jafnaði fram í hóptímum en jafnframt er mikilvægt að uppbygging námsins taki mið af þörfum einstakra nemenda.

Við lok grunnnáms eiga tónfræðanemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- geti beitt eftirtöldum hugtökum nótnarritunar: nótnaháls, nótnahöfuð, þagnarmerki og punktur á eftir nótu eða þagnarmerki
- þekki og skilji eftirtalin lengdargildi nótna ásamt samsvarandi þögnum: heilnóta, hálfnóta, fjórðapartsnóta, áttundapartsnóta, sextándapartsnóta

Nótnarritun



- hafi náð góðum tókum á eftirtöldum ritreglum í skráningu tónlistar: stefnu og stöðu nótnahálsa, fána, bjálka og gerð aukalína
- kunni skil á hækkunarmerkjum, lækkunarmerkjum og afturköllunarmerkjum
- kunni skil á lausum og föstum formerkjum
- kunni skil á nótnaritun í G-lykli
- hafi náð grundvallartökum á nótnaritun í F-lykli
- þekki og skilji eftirfarandi hugtök og samsvarandi tákn: niðurlagsmerki, endurtekningarmerki, volta, da capo, dráttarbogi/fermata
- hafi kynnst grafískri skráningu tónlistar
- þekki nótnanöfn á hljómborði

Hrynur

Nemandi

- geti greint eftir heyrn laghryn, púls og taktáherslu í sönglögum
- geti flutt laghryn, púls og taktáherslu við þekkt sönglög eða tónlist
- geti greint eftir heyrn tvískiptan og þrískiptan takt
- hafi náð grundvallartökum á taktslætti¹ í tví-, þrí- og fjórskiptum takti
- hafi öðlast skilning á og geti beitt eftirtöldum hugtökum: taktur, takttegund, taktstrik, taktvísir, taktskipti, upptaktur
- geti beitt eftirfarandi taktvísum: 2/4, 3/4, 4/4, C
- skilji, geti beitt, flutt, greint á blaði og eftir heyrn eftirfarandi lengdargildi og hrynmynstur:



- geti greint, lesið, endurtekið eftir heyrn og skráð eftir heyrn framangreind lengdargildi og hrynmynstur
- hafi þjálfast í að tengja heyrn og ritun hrynhendinga

- hafi þjálfast í að botna hrynhendingar í 2/4, 3/4 og 4/4- hafi þjálfast í að greina eftirtaldar takttegundir á blaði: 2/4, 3/4 og 4/4
- geti endurtekið eftir heyrn stutt hryndæmi þar sem fyrir geta komið framangreind lengdargildi og hrynmynstur
- geti skráð eftir heyrn stutt hryndæmi í 2/4, 3/4 og 4/4 þar sem fyrir geta komið framangreind lengdargildi og hrynmynstur

Nemandi

Laglína og tóntegundir

- hafi þjálfast í söng tónstiga, tónbila og hljóma
- geti endurtekið eftirtalda tónstiga eftir heyrn: dúrtónstiga, laghæfan molltónstiga og pentatónískan tónstiga
- geti greint eftir heyrn eftirtalda tónstiga: dúrtónstiga, laghæfan molltónstiga og pentatónískan tónstiga
- geti greint eftir heyrn hvort laglína er í dúr eða moll
- geti greint eftir heyrn skrefahreyfingar og stökk
- geti endurtekið eftir heyrn stuttar laglínur í tví- og þrískiptum takti í dúr eða moll þar sem fyrir kemur skrefagangur og/eða hljómnótur í grunnhljómi viðkomandi tóntegundar
- hafi þjálfast í að tengja heyrn og ritun laglínuhendinga
- geti sungið eða blístrað við fyrstu sýn ritaðar laglínur í C-dúr innan fimmundar
- geti skráð stuttar laglínur í C-dúr í 2/4- eða 3/4-takti á tónsviðinu c'-c''; miðað er við að upphafstónn og laghrynur sé gefinn
- þekki og geti skráð dúrtónstiga til og með tveimur formerkjum í G- og F-lykli með lausum og föstum formerkjum
- kunni skil á hugtakinu frumtónn
- geti greint tóntegund skráðra laga í dúr til og með tveimur formerkjum



Tónbil**Nemandi**

- geti endurtekið eftir heyrn eftirfarandi tónbil á eigin söngsviði: stóra tvíund, litla þríund, stóra þríund, hreina ferund, hreina fimmund og hreina áttund
- geti greint eftir heyrn eftirfarandi tónbil sem leikin eru brotin upp frá sama grunntóni: stóra tvíund, litla þríund, stóra þríund, hreina ferund, hreina fimmund og hreina áttund
- hafi þjálfast í notkun tölu- og bókstafa við skráningu tónbila
- hafi þjálfast í greiningu eftirtalinna skráðra tónbila upp frá frumtónunum c, d, f og g: stór tvíund, lítil þríund, stór þríund, hrein ferund, hrein fimmund, stór sexund, stór sjöund og hrein áttund

Hljómar**Nemandi**

- geti endurtekið eftir heyrn brotna dúr- og mollþríhljóma í grunnstöðu
- geti aðgreint dúr- og mollþríhljóma eftir heyrn
- kunni skil á uppbyggingu dúr- og mollþríhljóma í grunnstöðu
- geti skráð og greint grunnhljóma í dúrtóntegundum til og með tveimur formerkjum

Orð og tákni**Nemandi**

- skilji og geti beitt eftirfarandi hugtökum og táknum: f, forte, ff, fortissimo, p, piano, pp, pianissimo, mf, mezzo-forte, mp, mezzopiano, crescendo og diminuendo
- skilji og geti beitt eftirfarandi hugtökum: adagio, andante, allegro
- skilji og geti beitt hugtökunum staccato og legato sem og samsvarandi táknum

Hlustun, greining og saga

Nemandi

- hafi þjálfast í að lýsa blæ tónverka með eigin orðum
- hafi þjálfast í að greina eftir heyrn tónhendingar og hendingaskil í sönglögum og einföldum tónverkum
- hafi kynnst algengustu gerðum tveggja þátta forms, svo sem AB, AAB, ABA, AABA
- hafi kynnst eftirfarandi tónlistarformum: keðja, þrástef, tilbrigði, rondó og lag með viðlagi
- hafi nýtt viðfangsefni hljóðfæranámsins á fjölbreyttan hátt til aukins skilnings í tónfræðanáminu
- hafi kynnst valinni íslenski tónlist frá ólíkum tímabilum
- hafi kynnst valinni vestrænni klassískri tónlist¹
- hafi kynnst valinni popp- og rokktonlist
- hafi kynnst valinni djasstónlist
- hafi kynnst valinni heimstónlist
- hafi kynnst nokkrum helstu tónskáldum tónlistar-sögunnar
- þekki nokkur valin erlend tónverk og höfunda þeirra
- þekki nokkur valin innlend tónverk og höfunda þeirra
- geti greint eftir heyrn á milli eftirtalinnna kórgerða: barnakór, kvennakór, karlakór og blandaður kór
- geti greint eftir heyrn á milli eftirtalinnna raddgerða: sópran, alt, tenór og bassi
- þekki og geti greint eftir heyrn á milli eftirtalinnna hljóð-færaflokka: ásláttarhljóðfæri, hljómborðshljóðfæri, málmblásturshljóðfæri, strokhljóðfæri og tréblásturs-hljóðfæri
- þekki og geti greint eftir heyrn algengustu hljóðfæri sem tilheyra framangreindum hljóðfæraflokkum
- geti greint eftir heyrn á milli eftirtalinnna gerða hljóm-sveita: símfóníuhljómsveit, lúðrasveit, strengjasveit, popp-/rokkhljómsveit og djasshljómsveit

Nemandi

- hafi þjálfast í að nota hreyfingu sem tjáningarform
- hafi þjálfast í að nota hreyfingu til að túlka og bregðast

Hreyfing

30
30

1 Klassískri tónlist í víðasta skilningi.

	við ólíkum þáttum tónlistar, svo sem tónhæð, tónlengd, hryn, formi og blæ
	- hafi öðlast aukinn skilning og færni í hryn fyrir tilstuðlan hreyfingar
Hljóðfæri	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi kynnst leik á algeng skólahljóðfæri, bæði hryn- og laglínuhljóðfæri - hafi notað eigin hljóðfæri og skólahljóðfæri í flutningi eigin tónsmíða og annarra
Skapandi starf	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi fengist við fjölbreytt skapandi starf frá upphafi námsins - hafi kynnst tónsmíðum af eigin raun, bæði einn og í hóp - hafi kynnst spuna með notkun skólahljóðfæra, eigin hljóðfæris, raddar og hreyfingar - hafi kynnst útsetningum með notkun skólahljóðfæra, eigin hljóðfæris, raddar og hreyfingar - hafi kynnst varðveislumöguleikum eigin tónhugmynda í formi hefðbundinnar eða óhefðbundinnar nótnaritunar sem og upptöku hljóðs og/eða myndar
Tölvutækni	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi kynnst fjölbreytilegum möguleikum tölvunnar til þjálfunar, upplýsingaöflunar og sköpunar
Valverkefni	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi unnið valverkefni í samræmi við grunnprófskröfur þessarar námskrár
Námslok	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi öðlast jákvæða upplifun af tónlist og tónlistarnámi - hafi öðlast aukið næmi fyrir tónhæð, tónlengd, blæ og styrk

- hafi öðlast þekkingu og færni til að hefja tónfræðanám í miðnámi samkvæmt þessari námskrá

Grunnpróf


Við lok grunnnáms skulu nemendur þreyta grunnpróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–42, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, almennar prófreglur og ein-kunnagjöf. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

Verkefni og prófkröfur

Grunnpróf í tónfræðagreinum er þrískipt, þ.e. munnlegt próf, skriflegt próf og valverkefni. Skal öllum hlutum prófsins lokið á sama skólaári. Miða skal við að próftími á munnlegu prófi fari ekki fram yfir 10 mínútur á hvern nemanda og skriflegt próf taki ekki lengri tíma en 60 mínútur.

Prófbættir á grunnprófi eru þessir:

- A. **Munnlegt próf** (20 einingar)
 1. Hryndæmi endurtekið eftir heyrn (5 einingar)
 2. Hryndæmi lesið af blaði (5 einingar)
 3. Laglína endurtekin eftir heyrn (5 einingar)
 4. Laglína lesin af blaði (5 einingar)
- B. **Skriflegt próf** (60 einingar)
 1. Skrifleg tónheyrn (20 einingar)
 2. Hlustun og greining (20 einingar)
 3. Tónfræðileg þekkingaratriði (20 einingar)
- C. **Valverkefni** (20 einingar)



Grunnpróf í tónfræðagreinum skal samið í hverjum skóla í samræmi við ákvæði þessarar námskrár. Enn fremur ber viðkomandi skóli ábyrgð á yfirferð prófsins og að einkunnagjöf sé í samræmi við ákvæði aðalnámskrár tónlistarskóla.

Valverkefni

Við lok grunnnáms skulu nemendur skila valverkefni sem metið er sem hluti grunnprófs. Miða skal umfang verkefnisins við námsstig, aldur og þroska nemenda. Verkefninu má skila munnlega, skriflega eða í hljóðriti. Heimilt er að verkefnið sé unnið í hópvinnum en þó skulu ekki vera fleiri en þrír nemendur um hvert verkefni. Verkefnið skal meta með umsögn og einkunn.

Markmið valverkefnis er að nýta og dýpka þekkingu nemenda í ákveðnum þáttum námsins, auk þess að stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Verkefni geta verið með ýmsum hætti, svo sem tónsmíða-verkefni, stutt ritgerð, veggspjald, vefsíða eða frásögn tengd tónlistarsögu, hlustun eða upplifun. Tónsmíð getur verið í formi flutnings eða upptöku eða rituð. Viðfangsefni í tónlistarsögu og greiningu geta verið skrifleg eða munnleg verkefni um ákveðna tónlistarstefnu, stíl, tónskáld, tónverk eða hljóðfæri. Verkefni geta tekið til dægurtónlistar, djasstónlistar, klassískrar tónlistar eða heimstónlistar.

Þótt framangreind dæmi séu nefnd eru valverkefni í raun engin takmörk sett og sjálfsagt að nýta ímyndunarafli kennara og nemenda til hins ítrasta.



MIÐNÁM

Í miðnámi eykst umfang námsins frá því sem er í grunnnámi og ætla má að námstíminn lengist að sama skapi. Miðað er við að nemendur getið lokið miðnámi á um það bil fjórum til fimm árum en námshraði getur þó verið mismunandi. Ræður þar miklu ástundun, aldur og þroski nemenda.

Markmið í miðnámi

Uppbygging miðnáms skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum einstakra greinanámskráa, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið mismunandi og nemendur ólíkir. Gert er ráð fyrir að nám í tónfræðagreinum fari að jafnaði fram í hóptímum en jafnframt er mikilvægt að uppbygging námsins taki mið af þörfum einstakra nemenda. Það er hlutverk kennara að leiða hvern nemanda í átt að settu marki með viðeigandi viðfangsefnum.

Við lok miðnáms eiga tónfræðanemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Grunnur

Nemandi

- hafi öðlast aukinn skilning og leikni í viðfangsefnum grunnnáms samkvæmt þessari námskrá

Nótnaritun

Nemandi

- þekki og geti skráð í viðeigandi lykli stofntóna, hækk-aða tóna og lækkaða tóna á tónsviðinu C-c'''
- þekki öll áttundaheiti og hafi öðlast skilning á nótnaritun á ólíkum tónsviðum



- kunning á staðsetningu nótna í framangreindum áttundum á hljómborði
- hafi mjög gott vald á nótnarritun í G-lykli
- hafi öðlast skilning á hlutverki lykla í nótnarritun
- hafi náð góðum tókum á nótnarritun í F-lykli
- hafi kynnst nótnarritun í C-lykli

Hrynur

Nemandi

- geti greint eftir heyrn á milli eftirtalinnna takttegunda: 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8
- hafi náð tókum á taktslætti í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8
- kunning á helstu lengdargildum nótna og þagna
- skilji, geti beitt, flutt, greint á blaði og eftir heyrn eftirfarandi lengdargildi og hrynmystur:




- þekki, skilji, geti flutt, greint eftir heyrn og skráð synkópur og bindingar, meðal annars yfir taktstrik
- hafi þjálfast í að tengja heyrn og ritun hrynhendinga í samræmi við markmið grunn- og miðnáms
- hafi þjálfast í að botna hrynhendingar í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8
- geti endurtekið eftir heyrn stutt hryndæmi í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8
- geti skráð eftir heyrn stutt hryndæmi í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8
- þekki hugtakið alla breve og tákn þess
- hafi kynnst takttegundunum 5/4, 3/8, 7/8, 9/8, 2/2 og 3/2

Laglína og tóntegundir

Nemandi

- hafi þjálfast í söng tónstiga, tónbila og hljóma
- geti endurtekið eftirtalda tónstiga eftir heyrn: dúr, hljómhæfur moll, laghæfur moll, pentatónískur tónstigi
- geti greint eftir heyrn eftirtaldar gerðir tónstiga: dúr, hreinn moll, hljómhæfur moll, laghæfur moll, pentatónískur tónstigi og krómatískur tónstigi
- geti greint hvort tóndæmi er í dúr eða moll
- geti endurtekið eftir heyrn stuttar laglínur í dúr og moll
- með stökkum innan tóntegundar
- hafi þjálfast í að botna laglínuhendingar
- geti skráð eftir heyrn stutta laglínu í 2/4 og 3/4 í eftirtöldum tóntegundum: C-dúr, F-dúr, G-dúr, a-moll, d-moll, e-moll
- þekki uppbyggingu eftirtalinna gerða tónstiga: dúrtónstigi, hreinn, hljómhæfur og laghæfur molltónstigi, dórískur tónstigi, lýdískur tónstigi, pentatónískur tónstigi, heiltónastigi og krómatískur tónstigi
- geti skráð og greint af blaði eftirtaldar gerðir tóntegunda: dúr, moll, dórísk og lýdísk tóntegund
- geti greint af blaði tóntegund tónverka í dúr og moll
- hafi þjálfast í að tengja heyrn og ritun laglínuhendinga
- geti sungið eða blístrað við fyrstu sýn eða með litlum undirbúningi einfaldar laglínur í C-, F- og G-dúr, a-, d- og e-moll
- þekki og skilji hugtökin samnefndar, samhljóða og sammarka tóntegundir í dúr og moll
- þekki uppbyggingu fimmundahringis og hafi öðlast leikni í öllum dúr- og molltóntegundum
- þekki eftirtalin hugtök: frumtónn, grunntónn, undirfortónn, fortónn, leiðsögutónn
- hafi kynnst uppbyggingu og notkun kirkjutóntegunda
- geti tónflutt stuttar laglínur í hvaða tóntegund sem er í G-lykli og F-lykli



- Tónbil**
- Nemandi
- geti endurtekið öll tónbil innan áttundar sem leikin eru í samhljómi
 - geti sungið öll tónbil innan áttundar upp frá gefnum tóni
 - geti greint eftir heyrn öll tónbil innan áttundar sem leikin eru brotin upp á við
 - geti greint á blaði og skráð á nótnastreng öll tónbil innan áttundar
- Hljómar**
- Nemandi
- geti endurtekið og greint eftirfarandi þríhljóma: dúrhljómur, mollhljómur, minnkaður hljómur og stækkaður hljómur
 - þekki eftirtalda hljóma og geti gert grein fyrir skyldleika
 - þeirra: frumhljómur, undirforhljómur og forhljómur
 - kunni skil á uppbyggingu dúr- og mollhljóma í grunnstöðu og hljómhvörfum, svo og minnkaðra og stækkaðra hljóma
 - þekki skráningu framantalinna hljóma með rómverskum tölum
 - geti skráð dúr- og mollþríhljóma frá hvaða tóni sem er í grunnstöðu og hljómhvörfum
 - geti greint eftir heyrn eftirtalda hljóma í einföldum hljómagangi: I, IV, V
 - geti greint eftir heyrn aðalendi, hálfendi, kirkjuendi og gabbendi
- Orð og tákni**
- Nemandi
- skilji og geti beitt öllum helstu hugtökum og táknum sem lúta að tónstyrk
 - skilji og geti beitt eftirfarandi hugtökum: *largo*, *grave*, *lento*, *adagio*, *moderato*, *vivace*, *presto*, *andantino*, *larghetto*, *allegretto*, *accelerando*, *ritardando*, *rallentando*, *ritenuto*, *a tempo*, *rubato*, *tempo giusto*
 - skilji og geti beitt eftirfarandi hugtökum: *affetuoso*, *animato*, *con brio*, *cantabile*, *dolce*, *energico*,


espressivo, grazioso, maestoso, marcato, con moto, semplice, sostenuto, con spirito, tranquillo

- skilji og geti beitt eftirtöldum hugtökum: molto, assai, poco, poco a poco, più, meno, sempre, subito, simile, senza, attacca, V.S. solo, tutti, opus

Hlustun, greining og saga

Nemandi

- hafi öðlast leikni í að lýsa blæ tónverka með eigin orðum
- kunni skil á einröddun, margröddun (hómófóníu) og fjölröddun (pólýfóníu)
- geti greint eftir heyrn á milli einröddunar, hómófóníu og pólýfóníu
- hafi þjálfast í að greina á milli tónverka frá eftirtöldum stíltímabilum: barokk, klassík, rómantik, 20. öldin / samtími
- hafi kynnst og geti greint á milli eftirtalinna gerða tónverka: einleiksverk, kammerverk, hljómsveitarverk, ópera og konsert
- þekki og geti greint sönötuform
- þekki uppbyggingu símfóníuhljómsveitar og hljóðfæri hennar
- geti greint eftir heyrn hljóðfæri símfóníuhljómsveitar
- þekki og geti greint helstu hljóðfæri sem notuð eru í popp-, rokk- og djasstónlist
- hafi kynnst völdum hljóðfærum frá mismunandi heims- hlutum
- hafi nýtt viðfangsefni hljóðfæranámsins á fjölbreyttan hátt til aukins skilnings í hljóðfæranáminu
- hafi kynnst uppsetningu og lestri raddskráa
- hafi þjálfast í að fylgja rödd tiltekins hljóðfæris í raddskrá
- hafi fengið innsýn í sögu íslenskrar tónlistar
- hafi kynnst valinni íslenskri tónlist frá mismunandi tíma
- hafi fengið innsýn í vestræna tónlistarsögu
- hafi kynnst nokkrum helstu tónskáldum tónlistar- sögunnar



	<ul style="list-style-type: none"> - hafi kynnst valinni vestrænni klassískri tónlist frá ólíkum tímabilum - hafi kynnst valinni heimstónlist - hafi kynnst valinni popp- og rokktonlist - hafi kynnst valinni djasstónlist
Hljóðfæri	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi notað eigin hljóðfæri og skólahljóðfæri í flutningi eigin tónsmíða og annarra
Skapandi starf	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - sýni frumkvæði og skapandi hugsun - hafi fengið regluleg tækifæri til ýmiss konar tónsköpunar, bæði einn og í hóp - hafi kynnst ýmsum möguleikum á skráningu/varðveislu tónsköpunarverkefna
Tölvutækni	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi nýtt möguleika tölvunnar sem tækis til þjálfunar, upplýsingaöflunar, sköpunar, nótnaritunar, hljóðmyndunar og varðveislu
Valverkefni	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi unnið valverkefni í samræmi við miðprófskröfur þessarar námskrár
Námslok	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi öðlast færni í að draga ályktanir byggðar á þekkingu og leggja eigið mat á tónlist - hafi öðlast færni í beitingu þekkingar og í framsetningu eigin hugmynda, bæði munnlega og skriflega - hafi öðlast færni og þekkingu til að takast á við tónfræðanám í framhaldsnámi samkvæmt þessari námskrá

Miðpróf

Við lok miðnáms skulu nemendur þreyta miðpróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–42, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, almennar prófreglur og einkunnagjöf. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.


Miðpróf í tónfræðagreinum skal samið á vegum Prófanefndar tónlistarskóla í samræmi við ákvæði þessarar námskrár. Nefndin gefur út viðmiðanir og skýringar við einstaka prófþætti, eftir því sem þurfa þykir. Prófanefnd tónlistarskóla ber ábyrgð á yfirferð skriflegs hluta prófsins og að einkunnagjöf þess hluta sé í samræmi við ákvæði aðalnámskrár tónlistarskóla. Viðkomandi skóli annast mat á valþætti og munnlegum hluta prófsins í samræmi við ákvæði aðalnámskrár tónlistarskóla og leiðbeiningar Prófanefndar.

Verkefni og prófkröfur

Miðpróf í tónfræðagreinum er þrískipt, þ.e. munnlegt próf, skriflegt próf og valverkefni. Skal öllum hlutum prófsins lokið á sama skólaári. Miða skal við að próftími á munnlegu prófi fari ekki fram yfir 10 mínútur á hvern nemanda og skriflegt próf taki ekki lengri tíma en eina og hálfa klukkustund.

Prófþættir á miðprófi eru þessir:

- A. **Munnlegt próf** (20 einingar)
 1. **Hryndæmi** endurtekið eftir heyrn (5 einingar)
 2. **Hryndæmi** lesið af blaði (5 einingar)
 3. **Laglína** endurtekin eftir heyrn (5 einingar)
 4. **Laglína** lesin af blaði (5 einingar)



B. Skriflegt próf (60 einingar)

1. **Skrifleg tónheyrn** (20 einingar)
2. **Hlustun og greining** (20 einingar)
3. **Tónfræðileg þekkingaratriði** (20 einingar)

C. Valverkefni (20 einingar)**Valverkefni**

Við lok miðnáms skulu nemendur skila valverkefni sem metið er sem hluti miðprófs. Verkefninu má skila munnlega, skriflega, í hljóðriti eða á vefsíðu. Heimilt er að verkefnið sé unnið í hópvinnu en þó skulu ekki vera fleiri en þrír nemendur um hvert verkefni. Verkefnið skal meta með umsögn og einkunn.

Markmið valverkefnis er að nýta og dýpka þekkingu nemenda í ákveðnum þáttum námsins, auk þess að stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Verkefni geta verið með ýmsum hætti, svo sem tónsmíðaverkefni, stutt ritgerð, veggspjald, vefsíða eða frásögn tengd tónlistarsögu, hlustun eða upplifun. Tónsmíð getur verið í formi flutnings eða upptöku eða rituð. Viðfangsefni í tónlistarsögu og greiningu geta verið skrifleg eða munnleg verkefni um ákveðna tónlistarstefnu, stíl, tónskáld, tónverk eða hljóðfæri. Verkefni geta tekið til dægurtónlistar, djasstónlistar, klassískrar tónlistar eða heimstónlistar.

Viðfangsefni í tónlistarsögu og greiningu geta verið skrifleg eða munnleg verkefni um ákveðna tónlistarstefnu, stíl, tónskáld, tónverk eða hljóðfæri. Verkefni geta tekið til dægurtónlistar, djasstónlistar, klassískrar tónlistar eða heimstónlistar.



FRAMHALDSNÁM


Framhaldsnám tekur við að loknu miðnámi. Hér er um umfangsmikinn námsáfanga að ræða og marka lok hans jafnframt lok almenns tónlistarskólanáms. Einnig miðast lok framhaldsnáms við að þeir nemendur, sem stefna að háskólanámi í tónlist, séu vel undir það búnir.

Miðað er við að unnt sé að ljúka þessum námsáfanga á þremur árum, m.a. til að nemendur á listnámsbraut framhaldsskóla geti nýtt námið sem hluta af framhaldsskólanámi sínu. Þó verður að gera ráð fyrir að námstími í framhaldsnámi sé einstaklingsbundinn og ræður þar miklu ástundun, aldur, þroski og hæfileikar nemenda.

Í framhaldsnámi skiptist tónfræðanám í fernt, þrjár kjarnagreinar og valgrein. Kjarnagreinar eru: hljómfræði, tónheyrn og tónlistarsaga en auk þess ber öllum nemendum að stunda eina valgrein.

Kjarnagreinar tónfræðanáms er mögulegt að kenna aðskildar eða samþættar. Hugsanlegt er að bjóða upp á samþætta kennslu í tveimur eða fleiri greinum. Þannig mætti t.d. tengja saman tónheyrn og hljómfræði, allar þrjár greinar eða valgrein og eina eða fleiri kjarnagreinar.

Í námskránni er miðað við að heildarkennslustundafjöldi hvernar tónfræðagreinar samsvari að lágmarki 1½ klst. á viku í tvö ár eða 1 klst. á viku í þrjú ár. Skólar geta þannig boðið upp á mismunandi námshraða í einstökum greinum og hugsanlegt er að innan sama skóla gefist nemendum kostur á mismunandi námshraða í sömu grein. Þannig má til dæmis með aukinni tímasókn gefa nemendum kost á að ljúka námsgrein á einu ári eða dreifa náminu yfir lengri tíma. Meginatriði er að nemendur nái lokamarkmiðum tónfræðanámskrár, hvaða leið sem farin er.



Hljómfræði

Gert er ráð fyrir að við lok miðnáms hafi nemendur öðlast leikni í almennri tónfræði. Formlegt hljómfræðináam hefst við upphaf framhaldsnáms. Í náminu er lögð áhersla á fjögurra radda greiningu og raddfærslu í kóralstíl. Hljómfræðipáttur framhaldsnáms nær yfir flest atriði almennrar hljómfræði ef frá eru taldir stækkaðir sexundarhljómar og fjarskyld tóntegundaskipti en gert er ráð fyrir að þau atriði tilheyri háskólastigi. Hljómfræðinámi er ætlað að auka skilning nemenda á innri gerð og innviðum tónlistar. Þennan skilning má efla enn frekar með tengslum við tónlistarsögu, tónheyrn og hljómborðsfræði.

Tónheyrn

Námi í tónheyrn er ætlað að auka tónnæmi og þroska heyrn nemenda. Unnið er með laglínur, hrynn, tónbil og hljóma, bæði í lestri og ritun. Efni þessa námsáfangs veitir haldgóða undirstöðu í tónheyrn en frekara tónheyrnarnám tilheyrir háskólastigi. Í framhaldsnámi er einkum unnið með laglínur í dúr og moll með stöku tónum utan tóntegundar, tónbil innan tveggja áttunda, staka þríhljóma og forsjuundarhljóma í hljómhvörfum og fjölbreytt hryndæmi sem meðal annars innihalda yfirbindingar og tríólur. Auk þess fáist nemendur við einfaldar tveggja radda laglínur og stutt atónal dæmi. Mikilvægt er að tengsl tónheyrnar og hljómfræði séu ræktuð og að greinarnar styðji hvor aðra. Regluleg ástundun er lykilatriði í tónheyrnarnámi.

Tónlistarsaga

Í framhaldsnámi er gert ráð fyrir að nemendur öðlist almenna yfirsýn yfir vestræna tónlistarsögu, frá upphafi til samtímans. Miðað er við að námið sé kynning á helstu stefnum, straumum og listamönnum vestrænnar tónlistarsögu.

Hlustun er órjúfanlegur þáttur í lifandi tónlistarsögu-kennslu. Tengsl hennar við aðra þætti námsins eru mikilvæg. Æskilegt er að tengja tónlistarsöguna við mannkyns- og menningarsögu á hverjum tíma, eftir því sem tök eru á.

Valgrein

Auk framangreindra greina skulu nemendur hafa lokið einum valáfanga í tónfræðagreinum við lok framhaldsnáms. Valgrein er annaðhvort ætlað að víkka sjóndeildarhring nemenda eða dýpka þekkingu þeirra á tilteknu sviði. Miðað er við að umfang náms í valgrein samsvari eins vetrar reglubundnu námi í tónfræðagrein, þ.e. að lágmarki einni vikustund. Skólum er í sjálfsvald sett hvaða valgrein eða valgreinar boðið er upp á. Ýmislegt kemur hér til greina en hér á eftir fara nokkur dæmi um mögulegar valgreinar: kontrapunktur, formfræði, tónsmíðar, sértækir tónlistarsöguáfangar, framhaldsáfangar í tónheyrn eða hljómfræði, djass- og dægurlagahljómfræði, snarstefjun¹, tölvutækni og upptökutækni. Heppilegt kann að vera að tveir eða fleiri tónlistarskólar hafi með sér samstarf um framboð valgreina, þ.e. að nemendur geti sótt nám í valgrein í öðrum skóla en sínum eigin. Einnig býður fjarnám upp á ýmsa samstarfsmöguleika.

Markmið í framhaldsnámi

Uppbygging framhaldsnáms skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum þessarar námskrár, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið breytilegar enda aðstæður mismunandi og nemendur ólíkir. Gert er ráð fyrir að nám í tónfræðagreinum fari að jafnaði fram í hóptímum.

Við lok framhaldsnáms eiga tónfræðanemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

1 Spuni, þ.e. að leika af fingrum fram.

Hljómfræðiatriði

Hljómfræði

Nemandi

- þekki eftirfarandi hljómfræðiatriði og geti nýtt þau við hljómsetningu einfaldra laga, greiningu og gerð hljómaráða:
 - alla þríhljóma, í öllum hljómhvörfum, jafnt í dúr og moll
 - alla sjöundarhljóma, í öllum hljómhvörfum, jafnt í dúr og moll
 - aukaforhljóma, í öllum hljómhvörfum með og án sjöundar
 - fullminnkaða hljóminn á sjöunda sæti, jafnt í dúr og moll
 - algengustu lánshljóma, þ.e. stækkaða hljóminn á fimmta sæti, lækkað annað sæti í dúr (N6, Napóli-hljóminn) og hálfminnkaða hljóminn á öðru sæti
 - öll tóntegundaskipti, upp og niður, frá einu formerki að fjórum
 - helstu gerðir niðurlaga, þ.e. aðalendi, fullgerðan endi og ófullgerðan endi, hálfendi, gabbendi og kirkjuendi
- þekki og geti greint alla hljómframandi tóna, þ.e. tengitóna, skiptitóna, biðtóna, áherslubiðtóna, granntóna, stökktona og hljómböða
- þekki helstu möguleika undirbúnings- og lausnarhljóma í algengum hljómferlum
- hafi öðlast þjálfun í hljómgreiningu fjölbreyttra dæma úr tónbókmenntunum, með sérstakri áherslu á hljómsetningar J.S. Bach á sálmalögum
- hafi, eftir því sem tók eru á, kynnst grundvallaratriðum bókstafahljómakerfisins

Greining

Tónheyrn

Nemandi

Nótnalestur

- hafi gott vald á nótnalestri, jafnt í G-lykli sem F-lykli
- hafi kynnst nótnalestri í tveimur C-lyklum, þ.e. alt- og tenórlykli

Hrynur

Nemandi

- geti flutt undirbúin hryndæmi í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8 með lengdargildum og samsvarandi þögnum allt að sextándupörtum sem og með tríólum, synkópum, einföldum punkteringum og yfirbindingum
- geti flutt óundirbúin hryndæmi, léttari en hin undirbúnu, í 2/4, 3/4, 4/4 og 6/8 með sextándapartsnótum og sextándapartsþögnum, tríólum, synkópum, einföldum punkteringum, yfirbindingum og þögnum
- geti skrifað niður eftir heyrn hryndæmi með synkópum, tríólum, yfirbindingum og þögnum

Laglína

Nemandi

- geti sungið undirbúnaðar laglínur í öllum dúr- og molltóntegundum, með eða án söngheita, án undirleiks
- geti sungið óundirbúnaðar laglínur, léttari en hinar undirbúnaðar, með öllum tónbilastökkum innan áttundar, með eða án söngheita, án undirleiks
- geti sungið stuttar undirbúnaðar laglínur utan tóntegundar (atónal) með stökkum innan fimmundar, án undirleiks
- geti skrifað niður eftir heyrn einradda laglínur í dúr og moll með stöku tóni utan tóntegundar
- geti skrifað niður eftir heyrn stuttar tónaraðir utan tóntegundar (atónal) með stökkum innan fimmundar, þrjár til fimm nótur í senn
- geti skrifað niður eftir heyrn einfaldar tveggja radda laglínur

Tónbil

Nemandi

- geti sungið öll tónbil innan áttundar upp og niður frá gefnum tóni
- geti greint eftir heyrn öll tónbil innan tveggja áttunda sem leikin eru upp eða niður frá gefnum tóni eða í samhljómi¹

1 Miðað er við að notuð séu nöfn líkt og væru innan áttundar.

Hljómar	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - geti greint eftir heyrn á milli eftirfarandi þríhljómsgerða: dúr, moll, minnkaður og stækkaður - geti greint eftir heyrn hljómhvörf stakra dúr- og moll-þríhljóma - geti skrifað niður eftir heyrn einfaldar hljómaraðir innan tóntegundar, bæði í dúr og moll, í öllum hljómhvörfum án sjöundar
Taktsláttur	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi gott vald á taktslætti í eftirtöldum takttegundum: 2/4, 3/4, 4/4, 6/8 og geti beitt þeim við lestur laglína og hryndæma, jafnt undirbúið sem óundirbúið
Tónlistarsaga	
Tónskáld, stílar, stefnur og verk	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi kynnst helstu stílum, stefnum og straumum í vestrænni tónlist frá fornöld til nútímans - sé kunnugur flestum gerðum vestrænnar tónlistar og fær um að setja þær, ásamt einstökum tónverkum, í sögulegt samhengi - þekki helstu tónskáld og tónverk evrópskrar tónlistarsögu, þ.e. barokktímans, klassíkur, rómantíkur og tuttugustu aldar og fram til nútímans
Hlustun	<p>Nemandi</p> <ul style="list-style-type: none"> - hafi kynnst tónlistarsögunni af eigin raun gegnum hlustun á valin tónverk, bæði innan og utan kennslustunda - hafi öðlast þjálfun og skilning í að tengja saman hlustun og aðra þætti námsins - hafi þjálfast í að beita eigin þekkingu við mat og greiningu á óþekktu hlustunarefni

**Þekking,
heimildir,
framsetning,
mat**

Nemandi

- hafi hlotið þjálfun í öflun heimilda um afmarkaða þætti námsins
- hafi öðlast þjálfun í beitingu þekkingar og í framsetningu eigin hugmynda, bæði munnlega og skriflega

**Mannkyns-
saga og
hugmynda-
fræði**

Nemandi

- sé kunnugur þeirri hugmyndafræði sem liggur að baki hinum mismunandi tónlistarstefnum
- geti tengt meginstrauma tónlistarsögunnar við meginatriði mannkynssögunnar
- hafi öðlast þjálfun í að draga ályktanir byggðar á þekkingu og leggja eigið mat á tónlist

**Íslensk
tónlist**

Nemandi

- hafi kynnst meginatriðum íslenskrar tónlistarsögu frá upphafi til samtímans
- sé fær um að tengja helstu atriði íslenskrar tónlistarsögu við stefnur og strauma í vestrænni tónlist

Námslok

Nemandi


- hafi öðlast færni og þekkingu til að takast á við tónlistarnám á háskólastigi

Framhaldspróf

Framhaldspróf er lokapróf almennra tónlistarskóla. Prófið er þrjúþætt: hljóðfærapróf, tónleikar og tónfræðapróf. Í kafla um áfangapróf í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 33–42, er að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, almennar prófreglur og einkunnagjöf. Mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér þessi atriði vandlega.

Verkefni og prófkröfur

Framhaldspróf í tónfræðagreinum er fjórskipt, þ.e. hljómfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og valgrein, og skal gefin einkunn í hverri grein fyrir sig. Þannig þurfa nemendur að



hafa hlotið einkunnina 6,0 í hverri framantalinna tónfræðagreina. Ekki er nauðsynlegt að ljúka öllum tónfræðagreinunum á sama skólaári.

Framhaldspróf í einstökum tónfræðagreinum skulu samin í hverjum skóla í samræmi við ákvæði þessarar námskrár. Enn fremur ber viðkomandi skóli ábyrgð á yfirferð prófsins og að einkunnagjöf sé í samræmi við ákvæði aðalnámskrár tónlistarskóla. Próf í einstökum tónfræðagreinum skulu aldrei vera lengri en tvær klukkustundir.

Hljómfræði

Við lok framhaldsnáms í hljómfræði þreyta nemendur framhaldspróf í hljómfræði í samræmi við ákvæði þessarar námskrár.

Prófbættir eru þessir:

1. **Hljómar og hljómhvörf** (10 einingar)
2. **Niðurlög** (10 einingar)
3. **Undirbúningur og lausnir** (10 einingar)
4. **Tóntegundaskipti** (20 einingar)
5. **Hljómgreining** (20 einingar)
6. **Hljómsetning** (30 einingar)

Tónheyrn

Við lok framhaldsnáms í tónheyrn þreyta nemendur framhaldspróf í tónheyrn í samræmi við ákvæði þessarar námskrár. Framhaldspróf í tónheyrn skiptist í munnlegt og skriflegt próf.

Prófbættir eru þessir:

- A. **Munnlegt próf** (50 einingar)
 1. **Laglína** undirbúin (15 einingar)
 2. **Laglína** óundirbúin (10 einingar)
 3. **Hryndæmi** óundirbúið (10 einingar)
 4. **Hryndæmi** undirbúið (10 einingar)
 5. **Tónaröð utan tóntegundar** óundirbúin (5 einingar)

B. Skriflegt próf (50 einingar)

1. Tónbil (10 einingar)
2. Laglína (10 einingar)
3. Hryndæmi (10 einingar)
4. Stakir hljómar (5 einingar)
5. Hljómaröð (5 einingar)
6. Laglína utan tóntegundar (5 einingar)
7. Tveggja radda laglína (5 einingar)

Tónlistarsaga


Framhaldspróf í tónlistarsögu er tvískipt, annars vegar skriflegt próf og hins vegar heimildaritgerð, 1500–2000 orð að lengd. Miðað er við að í ritgerðinni komi fram sérstök þekking nemandans á afmörkuðu völdu viðfangsefni.

Prófbættir eru þessir:

- A. Skrifleg próf (80 einingar)
 1. Hlustun (30 einingar)
 2. Tónlistarsaga (50 einingar)
- B. Heimildaritgerð (20 einingar)

Valgrein

Námsmat valgreina er í höndum einstakra tónlistarskóla og veltur á eðli og inntaki hverju sinni. Til viðmiðunar má benda á námsmat í öðrum tónfræðagreinum, þ.e. hljómfraði, tónheyrn og tónlistarsögu, og kafla um námsmat á bls. 19.





TÓNFRÆÐANÁM SEM AÐALNÁMSGREIN

Í framhaldsnámi er boðið upp á þann möguleika að nemendur stundi nám og ljúki framhaldsprófi með tónfræðagreinum sem aðalnámsgrein í stað hljóðfæraleiks. Markmið slíks náms er að búa nemendur undir nám á háskólastigi í tónfræðagreinum, tónsmíðum eða tæknigreinum tengdum tónlist. Auk almenns framhaldsnáms í tónfræðagreinum er miðað við að nemendur kynnist tónsmíðum, formfræði og greiningu sem og tæknivinnu með tölum.

Inntökuskilyrði og námskröfur

Nemendur, sem fara þessa leið, þurfa við upphaf námsins að hafa lokið miðprófi í tónfræðagreinum. Áður en til framhaldsprófs kemur þurfa þeir að hafa lokið almennu framhaldsprófi í tónfræðagreinum, þ.e. hljómfræði, tónheyrn, tónlistarsögu og valgrein. Æskilegt er að nemendur, sem velja tónfræðagreinir sem aðalgrein, séu við upphaf námsins a.m.k. komnir áleiðis með almennt framhaldsnám í tónfræðagreinum.

Til að ljúka námi á þessari námsbraut þurfa nemendur jafnframt að ljúka miðprófi í hljóðfæraleik. Einnig eru gerðar kröfur um að þeir nemendur, sem ekki hafa hljómborðshljóðfæri sem aðalhljóðfæri, ljúki grunnprófi á píanó eða annað hljómborðshljóðfæri. Ekki er farið fram á að nemendur stundi reglulegt hljóðfæranám umfram það sem að framan er tilgreint en æskilegt er að þeir taki þátt í kór- eða hljómsveitarstarfi.

Formfræði og greining

Námi í formfræði og greiningu er ætlað að dýpka skilning nemenda á innri byggingu tónverka, framvindu og sam-

setningu. Gert er ráð fyrir að nemendur vinni með algengustu greiningaraðferðir og helstu tónlistarform fjögurra ólíkra tímabila tónlistarsögunnar, þ.e. barokk, klassík, rómantík og 20. öld / samtíma. Einnig er gert ráð fyrir að nemendur þjálfist í grundvallarhugsun og vinnubrögðum varðandi rannsóknir og fræðimennsku. Nauðsynlegt er að nemendur, sem hefja nám í formfræði og greiningu, hafi talsverða þekkingu á hljómfraði og tónlistarsögu og að tengsl við þessar greinar séu ræktuð enn frekar. Með námi í formfræði og greiningu er lagður grunnur að frekara námi á háskólastigi á þessu sviði.

Tónsmíðar


Nám í tónsmíðum virkjar sköpunarkraft og frumkvæði nemenda með beinum hætti. Nemendur kynnst öguðum vinnubrögðum og öðlast grundvallartök á tónsmíðatekni ólíkra stíla. Lögð skal áhersla á vönduð vinnubrögð í frágangi tónverka og að nemendur hafi tækifæri til að heyra verk sín flutt. Námið er meðal annars hugsað sem grunnur að frekara tónsmíðanámi á háskólastigi.

Tölvutækni

Nám í tölvutækni gefur nemendum haldgóðan grunn í fjölbreyttum möguleikum tölvunnar til margvíslegrar tónlistariðkunar. Nemendur þjálfast í almennum vinnubrögðum og notkun helstu forrita til nótnaritunar, hljóðupptöku, hljóðhönnunar og hljóðvinnslu. Lögð er áhersla á sjálfstæð verkefni, vönduð vinnubrögð og flutning eigin verka. Einnig er lögð áhersla á að nemendur læri að tileinka sér nýja tækni greiðlega og að leita upplýsinga á markvissan hátt. Tengsl tölvutækninnar við aðrar námsgreinar geta verið mikil og gagnleg.

Markmið

Uppbygging framhaldsnáms skal taka mið af eftirfarandi: Meginmarkmiðum tónlistarskóla sem sett eru fram í almennum hluta aðalnámskrár, sértækum markmiðum þess-



arar námskrár, sértækum markmiðum einstakra skóla og síðast en ekki síst áhuga og þörfum nemenda. Leiðir að markmiðum geta verið breytilegar enda aðstæður mismunandi og nemendur ólíkir.

Við lok framhaldsnáms eiga tónfræðanemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Formfræði og greining

Nemandi

- hafi fengið innsýn í algengustu greiningaraðferðir tónlistar
- þekki og geti greint form barokk-tímabilsins: fléttur / inventionir, prelúdíur, kóralforspil og barokkfúguna
- þekki sögu og þróun sönötuformsins frá 18. til 20. aldar / samtímatónlistar
- hafi kynnst tónlistarformum 19. aldarinnar, þ.m.t. rómantíska smálaginu og stærri hljómsveitarformum
- þekki og hafi reynt aðferðir til greiningar á samtímatónlist
- hafi kynnst grundvallarhugsun og vinnubrögðum varðandi fræðimennsku og rannsóknir

Tónsmíðar

Nemandi

- hafi sýnt frumkvæði og skapandi hugsun
- þekki og geti nýtt sér í eigin verkum grundvallaratriði sígildrar tónsmíðatækni, s.s. mótíf, stef, hendingar, lotur og leiðir til framvindu
- hafi kynnst helstu tónsmíðaaðferðum 20. aldar, s.s. tólftónatækni, raðtækni og algrímskri tækni og beitt einhverjum þeirra í eigin verkum
- hafi haldgóða þekkingu á öllum algengustu hljóðfærum, möguleikum þeirra og tónsviði
- hafi haldgóða þekkingu á uppsetningu raddskrár og nótnaritun fyrir ólík hljóðfæri, þ.m.t. lyklum og tónflutningi

- hafi samið að lágmarki fjögur niðurrituð tónverk fyrir mismunandi hljóðfærasamsetningar
- hafi öðlast þekkingu og reynslu í vönduðum vinnubrögðum og frágangi tónverka til flutnings
- hafi fengið verk sín flutt eftir því sem tók eru á

Tölvutækni

Nemandi

- hafi öðlast skilning á samsetningu og virkni algengasta tæknibúnaðar í tölvu- og hljóðveri
- hafi öðlast reynslu í notkun algengasta tæknibúnaðar í tölvu- og hljóðveri
- hafi náð góðu valdi á nótnaritun á tölvu
- þekki vel möguleika MIDI-staðalsins og geti nýtt hann með MIDI-tækjabúnaði við tónsköpun, upptökur og hljóðhönnun
- hafi undirstöðuþekkingu í notkun tölvu við hljóðvinnslu og hljóðhönnun
- hafi lært grundvallaratriði og öðlast nokkra reynslu í einföldum hljóðupptökum
- hafi unnið að lágmarki fjögur sjálfstæð verk þar sem beitt er tölvutækni
- hafi öðlast þekkingu og reynslu í frágangi tölvuunninna tónverka til flutnings
- hafi fengið verk sín flutt eftir því sem tók eru á
- hafi öðlast reynslu í að leita að upplýsingum og tileinka sér nýja tækni

Námslok

Nemandi

- hafi öðlast færni og þekkingu til að takast á við tónlistarnám á háskólastigi í tónfræðagreinum, tónsmíðum, rannsóknum og tæknigreinum



Námsmat og próf

Til að standast framhaldspróf með tónfræðagrein sem aðalgrein þarf nemandi að ná einkunninni 6,0 í hverri eftirtalinna þriggja greina: formfræði og greiningu, tónsmíðum og tölvutækni. Í hverri grein skal einkunn vera samsett sem hér segir:

- A. Regluleg verkefni** (70 einingar), dreifð yfir náms-tímamann, og próf eftir því sem við á.
- B. Skyldulokaverkefni** (30 einingar).

Námsmat í tónfræðanámi sem aðalgrein er í höndum viðkomandi skóla. Eðli þeirra greina, sem um ræðir, er með þeim hætti að próf eru í flestum tilfellum ekki besti kosturinn við námsmat. Það er á ábyrgð kennara að velja námsmatsleiðir í samræmi við markmið þessarar námskrár. Að öðru leyti er vísað í umfjöllun um námsmat á bls. 19–21 í þessu riti og í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla, bls. 30–32.

Kennari og nemandi skulu hafa samráð við val á lokaverkefni í hverri grein en senda skal Prófanevnd tónlistarskóla áætlun um verkefnin. Telji Prófanevnd augljóst að verkefni sé ekki í samræmi við ákvæði námskrár er nefndinni heimilt að gera athugasemdir og óska úrbóta. Námsmat loka-verkefna er í höndum viðkomandi skóla en Prófanevnd tónlistarskóla gefur út áfangaprófsskírteini við námslok.

Til foreldra/forráðamanna nemenda í tónlistarskólum

- Mikilvægt er að nemendur búi við jákvætt viðhorf til tónlistarnámsins, að foreldrar/forráðamenn sýni náminu áhuga og að þeir fylgist með framvindu þess.
- Hljóðfæranám byggist að miklu leyti á daglegri og reglubundinni þjálfun og er því að verulegu leyti heimanám. Án markvissra æfinga verður árangur rýr.
- Nauðsynlegt er að nemendur geti æft sig þar sem þeir verða fyrir sem minnstri truflun og hafa ekki á tilfinningunni að þeir truflfi aðra.
- Ungum nemendum þarf að hjálpa við að skipuleggja æfingatímann.
- Árangursríkara er að ungir nemendur æfi sig oft og skemur í senn en sjaldnar og lengur.
- Tónlistarnám þarf að vera ánægjulegt og ánægjan felst ekki síst í stolti nemandans yfir eigin framförum og aukinni færni.
- Eðlilegt er að áhugi nemenda sé ekki alltaf samur og jafn. Ef nemandi sýnir merki um uppgjöf er mikilvægt að kennari og foreldrar/forráðamenn leiti orsaka og lausna. Stundum er nóg að skipta um viðfangsefni til að áhuginn glæðist á ný.
- Hlustun er afar mikilvægur þáttur í öllu tónlistarnámi. Með því að hlusta á vel flutta tónlist fá nemendur nauðsynlegar fyrirmyndir. Foreldrar/forráðamenn geta lagt sitt af mörkum með því að hvetja nemendur til að hlusta á fjölbreytta tónlist við margs konar aðstæður og með því að fara með þeim á tónleika þegar tækifæri gefast, bæði innan tónlistarskólans og utan.



Menntamálaráðuneytið